

GJALDSKRÁ fyrir hreindýraveiðileyfi.

1. gr.

Gjald fyrir hreindýraveiðileyfi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir úthlutun hreindýraveiðileyfa.
Gjaldið skal vera:

	Upphæð kr.
a. Fyrir tarf á svæðum 1 og 2	140.000
b. Fyrir tarf á svæðum 3 til 9	100.000
c. Fyrir kýr á svæði 1 og 2	80.000
d. Fyrir kýr á svæðum 3 til 9	55.000

2. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Gjaldskráin gildir vegna hreindýraveiðileyfa og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 27. janúar 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2011